

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 17. febrúar 2023.

Mál nr. 746/2021:

Gentle Giants-Hvalaferðir ehf.

(Flóki Ásgeirsson lögmaður)

gegn

Norðurþingi

(Hilmar Gunnlaugsson lögmaður)

Lykilorð

Aðild. Aðildarhæfi. Framsal kröfu. Þjónustugjald. Fyrning.

Útdráttur

H er í eigu N og annast rekstur hafna á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn og innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá sem sjóðurinn setur. H gaf út reikninga til G ehf., sem rekur ferðaþjónustu með hvalaskoðun að meginstarfsemi, vegna farþegagjalda á árunum 2008 til 2019. Ágreiningur reis milli aðila um greiðslu gjaldanna og höfðaði H mál á hendur G ehf. Héraðsdómur féllst á það með G ehf. að málið lyti að kröfum H vegna ógreiddra reikninga vegna áranna 2008, 2010 og 2015. Kröfur vegna áranna 2008 og 2010 voru taldar fyrndar þegar málið var höfðað og sýknaði héraðsdómur G ehf. því af aðalkröfu H en dæmdi G ehf. til greiðslu á reikningi vegna ársins 2015 í samræmi við varakröfu H. Landsréttur tók til skoðunar hvort H hefði haft aðildarhæfi. Í dómi Landsréttar kom fram að samkvæmt 13. gr. hafnalaga nr. 61/2003 skyldi höfn í eigu sveitarfélags sem hefur sérstaka hafnarstjórn rekin sem opinbert fyrirtæki. Þá lægi fyrir að rekstri og efnahag hafnar skyldi haldið aðgreindum og tekjum og eignum hennar eingöngu varið í þágu hafnarinnar samkvæmt 16. gr. hafnalaga. Samkvæmt þessu yrði að leggja til grundvallar að H væri sjálfstæður lögaðili sem annaðist rekstur hafna í eigu sveitarfélagsins N í samræmi við hafnalög og gæti því borið skyldur og átt réttindi samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Fyrir Landsrétti var einungis til úrlausnar krafa N, sem tekið hafði við aðild málsins af H, samkvæmt reikningi vegna ársins 2015. Deildu aðilar um það hvort krafa N vegna farþegagjalda á árinu 2015 hefði verið fyrnd þegar málið var höfðað 29. desember 2019. Í dómi Landsréttar kom fram að miða yrði við að fyrningarfrestur á kröfu N vegna farþegagjalda hefði byrjað að líða strax í kjölfar mánaðarlegs skilafrests á upplýsingum um farþegafjölda samkvæmt 22. gr. gjaldskrár H. Allar kröfur N vegna farþegagjalda fyrir fyrstu 11 mánuði ársins 2015 hafi því verið fyrndar er málið var höfðað. Þá lægju engar upplýsingar fyrir um það í málinu að G ehf. hefði flutt farþega í desember 2015 og í reikningnum væri enga sundurgreiningu að finna á farþegafjölda eftir mánuðum. Var G ehf. því sýknaður af kröfum N.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramarnir Arnfríður Einarsdóttir, Ásmundur Helgason og Jóhannes Sigurðsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 6. desember 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra 8. nóvember 2021 í málinu nr. E-46/2020.
- 2 Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Atvikum málsins og málsástæðum aðila er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Svo sem þar kemur fram greinir aðila einkum á um það hvort kröfur um farþegagjöld sem stefndi hefur kafið áfrýjanda um á grundvelli 2. töluliðar 2. mgr. 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 vegna hvalaskoðunarstarfsemi áfrýjanda á árunum 2008, 2010 og 2015 í Húsavíkurböfn séu fyrndar og jafnframt hvort þær kröfur séu lögmætar. Varðandi síðara ágreiningsefnið greinir aðila á um það hvort fjárhæð farþegagjalda fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til forsendna og útreiknings á þjónustugjöldum sem opinberir aðilar innheimta.
- 5 Í hinum áfrýjaða dómi var komist að þeirri niðurstöðu að kröfur stefnda um farþegagjöld vegna árána 2008 og 2010 væru fyrndar. Hið sama gilti um skuldjafnaðarkröfur sem áfrýjandi telur sig eiga vegna ólögmætra farþegagjalda sem hann greiddi á árunum 2012 til 2014. Dómurinn komst á hinn bóginn að þeirri niðurstöðu að forsendur fyrir kröfum um farþegagjöld eftir það hafi verið málefnalegar og í efnislegu samhengi við þá þjónustu sem gjaldtökunni væri ætlað að standa straum af. Þá taldi dómurinn kröfu um farþegagjöld vegna ársins 2015 ekki vera fallna niður vegna fyrningar. Í samræmi við þessa niðurstöðu var fallist á varakröfu stefnda fyrir héraðsdómi og áfrýjandi dæmdur til þess að greiða stefnda 5.416.320 krónur, auk nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar. Þar sem stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms stendur eingöngu eftir til úrlausnar fyrir Landsrétti krafa hans samkvæmt reikningi 4. nóvember 2016 vegna farþegagjalda árið 2015.
- 6 Áfrýjandi lagði ný gögn fyrir Landsrétt, meðal annars fundargerð framkvæmda- og hafnanefndar Norðurlands 16. janúar 2013. Stefndi lagði fyrir Landsrétt staðfestingu á því að krafa Hafnasjóðs Norðurlands samkvæmt reikningi, sem gefinn var út til áfrýjanda vegna farþegagjalda fyrir árið 2015, hafi verið framseld 26. janúar 2023 til sveitarfélagsins Norðurlands.

Niðurstaða

- 7 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti vakti lögmaður áfrýjanda athygli á því að taka þyrfti til skoðunar hvort vísa bæri málinu frá héraðsdómi án kröfu í ljósi dóms

Hæstaréttar 9. nóvember 2022 í máli nr. 18/2022. Áfrýjandi taldi að stefnandi málsins í héraði, Hafnasjóður Norðurþings, hefði ekki aðildarhæfi þar sem hann væri ekki sjálfstæður aðili sem gæti átt réttindi eða borið skyldur að landslögum, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hafnasjóðurinn væri hluti af sveitarfélaginu Norðurþingi og ætti Norðurþing því þá fjárkröfu sem deilt væri um. Framsal kröfunnar og breyting á aðild fyrir Landsrétti gæti ekki bætt úr því að stefnandi málsins hefði ekki átt kröfunar þegar málinu var stefnt fyrir héraðsdóm.

- 8 Stefndi byggir á því að Hafnasjóður Norðurþings sé sjálfstæður aðili sem geti átt réttindi og borið skyldur. Ljóst sé af fjölmörgum ákvæðum hafnalaga og hafnarreglugerðar nr. 1300/2018 fyrir hafnir Norðurþings að Hafnasjóður Norðurþings sé sjálfstæður lögaðili með sjálfstæða stjórn og starfi undir sérstakri kennitölu. Skyld sé að gera sérstakan ársreikning fyrir hafnasjóðinn og halda fjárhag hans aðgreindum frá fjárhag Norðurþings. Þá komi skýrlega fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/352, sem innleidd var í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 8. maí 2019 um að setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir, að gert sé ráð fyrir því að hafnir geti verið sjálfstæðir aðilar með aðgreindan fjárhag. Þá hafi fjárkrafan nú verið framseld með löglegum hætti til Norðurþings og aðild málsins því komið í það horf sem áfrýjandi telur rétt. Í framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 18/2022 sé sérstaklega tekið fram í málsgrein 22 að aðilar máls hafi svigrúm til þess að láta reyna á breytta aðild fyrir áfrýjunardómi með þessum hætti, sbr. og dóm Hæstaréttar 28. nóvember 2002 í máli nr. 228/2002.
- 9 Samkvæmt 6. tölulið 3. gr. hafnalaga er hafnarstjórn samkvæmt lögnum stjórn sem sveitarfélög eða aðrir eigendur hafnar kjósa sérstaklega og fela henni stjórnunarlega ábyrgð á höfn. Í 1. tölulið 3. gr. laganna er höfn skilgreind sem svæði á landi og sjó með mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga og til móttöku og brottfarar farþega. Þá er mælt fyrir um það í 5. tölulið greinarinnar að rekstur hafnar feli í sér að byggja, reka, viðhalda og endurnýja hafnarmannvirki sem og rekstur hafntengdrar atvinnuáðstöðu og jafnframt rekstur hafntengdrar þjónustu. Samkvæmt síðastnefnda ákvæðinu fellur rekstur vöruhúsa og þjónustumiðstöðva á hafnarsvæðum einnig undir rekstur hafna.
- 10 Í 10. gr. hafnalaga segir að ef höfn er rekin án hafnarstjórnar skuli hún rekin sem sérstakur málaflokkur undir stjórn sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem höfnin er. Í þeim tilvikum fer sveitarstjórn með stjórn hafnarinnar og er henni þá heimilt að kjósa sérstaka hafnarnefnd. Samkvæmt 7. tölulið 3. gr. laganna merkir málaflokkur samkvæmt lögnum afmarkaða rekstrareiningu í bókhaldi sveitarfélags þar sem tekjum og gjöldum er haldið aðskildum frá öðrum rekstri þess.
- 11 Í þeim tilvikum þar sem höfn er í eigu sveitarfélags og hún er rekin með sérstakri hafnarstjórn skal hún samkvæmt 13. gr. hafnalaga rekin sem opinbert fyrirtæki með

hafnarstjórn. Í lagaákvæðinu er mælt fyrir um að sérstakar hafnarstjórnir, sem kosnar eru af sveitarstjórnnum, skuli hafa á hendi stjórn hafna og hafnarsjóða í samræmi við reglugerð samkvæmt 4. gr. laganna. Þá er mælt fyrir um það í 13. gr. að hafnarstjórn ráði hafnarstjóra og ákveði verksvið hans. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. skal hafnarstjórn innan valdsviðs síns gæta hagsmuna hafnar. Þá er kveðið á um það í ákvæðinu að hafnarstjórn beri ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á rekstri og viðhaldi hafnar.

- 12 Í 16. gr. hafnalaga er tekið fram að tekjum og eignum hafnar, sem rekin er samkvæmt 1. og 2. tölulið 8. gr., megi einungis verja í þágu hafnarinnar. Þá er tekið fram að hafnarsjóðir skuli undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmannvirkjum og að eigendur hafnar beri ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs. Í málinu liggja fyrir ársreikningar Hafnasjóðs Norðurlands fyrir árin 2008 til 2018 sem áritaðir eru af endurskoðanda, sveitarstjórn og sveitarstjóra Norðurlands. Af reikningunum má ráða að rekstri og efnahag hafnarinnar er haldið aðgreindum frá fjárhag sveitarfélagsins, svo sem ráð er fyrir gert í 16. gr. hafnalaga.
- 13 Í 1. mgr. 17. gr. hafnalaga segir að stjórn hafnar skuli samkvæmt 2. tölulið 8. gr. laganna semja gjaldskrá fyrir höfn þar sem nánar sé kveðið á um innheimtu gjalda samkvæmt 17. gr. Þar er að auki tekið fram að miða skuli við að gjaldtaka standi undir rekstri hafnarinnar, sbr. 5. tölulið 3. gr., þar með talið fjármagnskostnaði, afskriftum, kostnaði við endurnýjun hafnarinnar og stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun hafnarinnar.
- 14 Að framan er þess getið að höfn í eigu sveitarfélags sem hefur sérstaka hafnarstjórn skuli rekin sem opinbert fyrirtæki, sbr. 13. gr. hafnalaga. Þá liggur fyrir að rekstri og efnahag hafnar skal haldið aðgreindum og tekjum og eignum hennar verður eingöngu varið í þágu hafnarinnar, sbr. 16. gr. hafnalaga. Í ljósi þessa verður að leggja til grundvallar að Hafnasjóður Norðurlands sé sjálfstæður lögaðili sem annast rekstur hafna í eigu sveitarfélagsins Norðurlands í samræmi við hafnalög. Hafnasjóður Norðurlands getur því borið skyldur og átt réttindi samkvæmt ákvæði 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 og hefur hann því aðildarhæfi. Samkvæmt þessu eru ekki efni til að vísa kröfum stefnda frá dómi vegna skorts á aðildarhæfi. Krafa Hafnasjóðs Norðurlands hefur verið framseld til Norðurlands og hefur sveitarfélagið því réttilega tekið við aðild málsins fyrir Landsrétti, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 91/1991.
- 15 Áfrýjandi byggir sýknukröfu sína á því að krafa stefnda vegna farþegagjalda á árinu 2015 hafi verið fyrnd þegar málið var höfðað. Samkvæmt 22. gr. gjaldskrár Hafnasjóðs Norðurlands fyrir árið 2015 hefur útgerðaraðili heimild til þess að skila upplýsingum um farþegafjölda mánaðarlega og eigi síðar en 5. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð. Stefndi hefur því mánaðarlega átt rétt á að krefjast greiðslu á farþegagjöldum. Bendir áfrýjandi á að samkvæmt 25. gr. gjaldskrárinnar sé almenna reglan um gjalddaga sú að greiða skuli gjöld áður en skip fer úr höfn. Í málinu liggja fyrir að stefndi hafi ekki gengið eftir innheimtu á farþegagjöldum á árinu 2015 og að hann hafi ekki kallað eftir upplýsingum um farþegafjölda fyrr en með bréfi 22. júlí

2016. Þessi dráttur á innheimtu hafi alfarið verið á ábyrgð stefnda. Málið hafi verið höfðað með birtingu stefnu 29. desember 2019 og hafi þá verið liðin meira en fjögur ár frá því að því að stefndi gat krafist efnda á farþegagjöldum sem féllu til fyrstu 11 mánuði ársins 2015. Hugsanlega sé krafa vegna desember ófyrnd en engu sundurliðun sé að finna á reikningi um gjöld sem kunni að hafa fallið til í þeim mánuði.

- 16 Stefndi byggir á því að áfrýjandi hafi ekki skilað upplýsingum um fjölda farþega fyrr en eftir því var gengið með áðurgreindu bréfi stefnda til áfrýjanda og því hafi ekki verið unnt að gefa út reikning vegna gjaldanna fyrr en eftir það. Reikningur hafi verið gefinn út 4. nóvember 2016 og sendur til áfrýjanda. Stefndi telur að hann hafi ekki átt þess kost að krefjast efnda á farþegagjöldum ársins 2015 fyrr en áfrýjandi hefði sinnt skyldu sinni samkvæmt 22. gr. gjaldskrárinnar til að gefa upp farþegafjölda.
- 17 Samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda er almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda fjögur ár. Krafa stefnda um greiðslu fyrir þjónustu í formi farþegagjalda fyrnist því á fjórum árum. Gjaldskrá Hafnasjóðs Norðurlands fyrir árið 2015 kveður ekki á um gjalddaga krafna vegna farþegagjalda en í 22. gr. hennar segir að útgerðaraðili skuli skila upplýsingum um farþegafjölda mánaðarlega og eigi síðar en 5. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð. Samkvæmt þessu, og með hliðsjón af áðurnefndu ákvæði 25. gr. gjaldskrárinnar um almennan gjalddaga á gjöldum samkvæmt gjaldskránni, verður ráðið að Hafnasjóði Norðurlands hafi verið heimilt að gefa mánaðarlega út reikninga vegna farþegagjalda til áfrýjanda og krefjast efnda á þeim kröfum. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 150/2007 reiknast fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda. Í umfjöllun í athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi til laga um fyrningu kröfuréttinda kemur fram að reglur ákvæðisins um upphaf frestsins séu hlutlægar. Þar er að auki tekið fram að hafi kröfuhafi öðlast rétt til efnda byrji fyrningarfrestur að líða og breyti þá engu hvort hann hafi á því tímamarki haft tök á að framfylgja kröfu sinni eða vitað um tilvist hennar eða önnur atvik. Þá segir orðrétt í umfjöllun frumvarpsins um 2. gr.:

Almennar reglur kröfuréttarins segja til um hvaða dagur telst vera gjalddagi kröfu í hverju einstöku tilviki, en hann getur leitt af samningi, lögum eða venju. Hitt er einnig til að ekki sé um að ræða neinn eiginlegan gjalddaga eða að gjalddagi kröfu fari eftir undanfarandi uppsögn af hálfu kröfuhafa. Í slíkum tilvikum leiðir af orðalagi ákvæðisins að upphaf fyrningarfrests miðast við það tímamark, þegar kröfuhafi gat fyrst átt möguleika á að knýja fram efndir, þ.e. með uppsögn eða kröfu um greiðslu. Enda þótt segja megi að réttur til efnda stofnist á því tímamarki þegar slík krafa um efndir er í raun sett fram er til þess að líta að í tilvikum sem þessum hefur kröfuhafi það í hendi sér hvenær krafa verður gjaldkræf. Ef miðað væri við það tímamark þegar kröfuhafi tekur ákvörðun um að fá kröfuna efnda mundi það leiða til þeirrar ótæku niðurstöðu að hann réði því hvenær fyrningarfrestur tekur að líða. Ber því að túlka orðalag ákvæðisins svo að miða skal upphaf fyrningarfrests við það tímamark þegar kröfuhafi átti þess fyrst kost að setja fram kröfu um efndir.

- 18 Fyrir liggur að áfrýjandi vanrækti að láta stefnda í té upplýsingar um farþegafjölda í samræmi við ákvæði 22. gr. gjaldskrárinnar fyrir en eftir því var leitað með bréfi hafnarstjóra 22. júlí 2016. Stefndi átti þann kost að krefja áfrýjanda um upplýsingar um farþegafjölda strax að liðnum fimmta degi hvers mánaðar. Að fengnum þeim upplýsingum gat hann krafist efnda á skyldu til greiðslu farþegagjaldanna fyrir næstliðinn mánuð. Hefði áfrýjandi enn látið hjá líða að upplýsa um farþegafjölda verður að leggja til grundvallar að hafnarstjórn hefði eigi að síður getað krafist greiðslu á farþegagjöldum á grundvelli áætlunar þótt ekki hafi verið vikið að því í gildandi gjaldskrá. Svo sem áður hefur verið rakið reiknast fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda, sbr. 2. gr. laga nr. 150/2007. Í samræmi við það sem að framan er rakið verður að miða við að fyrningarfrestur á farþegagjaldakröfum stefnda hafa byrjað að líða strax í kjölfar mánaðarlegs skilafrests á upplýsingum um farþegafjölda samkvæmt 22. gr. gjaldskrárinnar. Allar kröfur stefnda vegna farþegagjalda fyrir fyrstu 11 mánuði ársins 2015 voru því fyrndar er málið var höfðað. Engar upplýsingar liggja fyrir um það í málinu að áfrýjandi hafi flutt farþega í desember 2015 og þá er ekki að finna neina sundurgreiningu á farþegafjölda í hinum umdeilda reikningi eftir mánuðum.
- 19 Að öllu framangreindu virtu verður áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnda.
- 20 Í samræmi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti eins og nánar er tilgreint í dómsorði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Gentle Giants – Hvalaferðir ehf., er sýkn af kröfum stefnda, Norðurþings. Stefndi greiði áfrýjanda samtals 3.500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

Rétt endurrit staðfestir
Gjald: 1.800 kr.

